

Egilsstöðum 30. mars 2019

Athugasemdir og ábendingar Náttúruverndarsamtaka Austurlands vegna verkefnalýsingar að tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Náttúruverndarsamtök Austurlands, hér eftir nefnd NAUST hafa á aðalfundum sínum komið með ályktanir sem tengjast virkjunum. Þó þær fjalli ekki að fullu um þessa framkvæmd þá tengjast þær málefninu. Þá eru samtökin uggandi yfir þessari þróun og eru hrædd um að þetta sé bara byrjunin á einhverju stærra sem hefur áður verið í umræðunni.

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands fyrir árið 2016 ályktaði eftirfarandi:

Smávirkjunum geta fylgt skaðleg umhverfisáhrif.

Aðalfundur NAUST 2016 lýsir undrun yfir nýlegu allsherjarútkalli Orkustofnunar til sveitarfélaga og landeigenda um að skima eftir og tilnefna svonefnda smávirkjanakosti allt að 10 megawött til frumathugunar vegna vatnsaflsvirkjana. Jafnframt býður stofnunin fram aðstoð starfsmanna sinna til að meta slíka kosti. Virkjanir á bilinu 0,2–10 MW að afli fara ekki sjálfkrafa í umhverfismat en eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu þeirra. Augljóst er að umhverfisáhrif slíkra virkjana geta verið veruleg og jafnvel stórfelld, auk þess sem rask mun fylgja þegar á rannsóknastigi vegna umferðar, oft um ósnortið land. Nýlegt dæmi er Svartárvirkjun í Bárðardal 9,8 MW að afli og á undirbúningsstigi er Hólsvirkjun í Fnjóskadal 5,6 MW.

Í nýlegri skýrslu Veiðimálastofnunar (Smávirkjanir og áhrif þeirra á lífríki í vatni) segir m.a.: „Þótt umhverfisáhrif smávirkjana hafi sjaldan verið metin geta þau í sumum tilfellum verið umtalsverð. Mikilvægt er að stefna að því að koma allri umgjörð í kringum smávirkjanir í betra horf.“ Um leið og aðalfundur NAUST gagnrýnir framgöngu Orkustofnunar í þessu máli hvetur hann Skipulagsstofnun, sveitarstjórnir og aðra opinbera aðila til að samræma málsmeðferð á þessu sviði, þannig að ekki hljóti af ófyrirséð og alvarleg náttúruspjöll þegar á rannsóknastigi.

Varhugaverð rannsóknaleyfi til undirbúnings stórvirkjana.

Aðalfundur NAUST 2016 vekur athygli á nýlega útgefnum rannsóknaleyfum Orkustofnunar vegna stórra virkjana, m.a. á Austur- og Norðausturlandi. Tvö slík leyfi eru veitt Arctic Hydro ehf, sem er umsvifamikið einkafyrirtæki.

Um er að ræða svonefnda Dimmugljúfursvirkjun í Hafralónsá inn af Þistilfirði, stærð ótilgreind, en gæti etv. verið á bilinu 50–100 MW. Hafralónsá er glæsilegt vatnsfall með upptök í Heljardal. Í ánni er Stórifoss, ca. 20-25 m hár og einn af fegurstu fossum hérlendis. Hann er lítt þekktur, enda langt inni á Þistilfjarðarheiðum og að honum liggur ekki vegslóði.

Annað rannsóknaleyfi til sama aðila varðar 30–70 MW virkjun á vatnasviði Hamarsár inn af Hamarsfirði og er henni ætlað m.a. að keppa við svonefnda Hraunavirkjun til Berufjarðar, sem áætluð er 126 MW að afli, með uppistöðulónum uppi á austanverðum Hraunum, samtals um

27 Gl að rúmmáli. Áhrif þessarar virkjunar yrðu afar víðtæk og snerta afrennsli af fimm vatnasviðum, m.a. til Skriðdals (Geitdalsá / Grímsá).

Þá hefur Orkustofnun nýlega veitt Landsvirkjun rannsóknaleyfi vegna jarðvarmavirkjunar við Hágöngur („Fögruhverir“) í jaðri Hágöngulóns. Rannsóknasvæðið er við vesturmörk Vatnajökulsþjóðgarðs og snerta þannig þjóðgarðinn með beinum hætti.

NAUST bendir á að hætta er á verulegu jarðraski sem tengist undirbúningsrannsóknnum eins og þeim sem hér um ræðir, þar sem verið er að fara inn á óröskuð svæði eins og í Hamarsdal. Brýnt er að opinberar stofnanir sem málið varðar, svo sem Skipulagsstofun og viðkomandi sveitarstjórnir, fjalli frá byrjun ásamt Orkustofnun um slíkar leyfisveitingar og ef leyfi eru veitt verði tryggt skilvirkt eftirlit með rannsóknavinnu á vettvangi.

NAUST vilja koma með athugasemd vegna þess að notaður er punktur úr kafla 3.6.1 sem ástæða fyrir því að ráðast eigi í þessar breytingar. Skilja má þennan punkt í aðalskipulaginu að verið sé að ræða um almennan rekstur, t.d. um bílafloata sveitarfélagsins og er það vel en því skritið að nota hann til að réttlæta þessa framkvæmd. Ef 3.6 kaflinn allur lesinn kemur t.d. eftirfarandi fram sem ætti þá með öllu að vera til þess að þessari breytingu verði hafnað.

„Það er stefna Fljótsdalshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.“ (Endurtekið í kafla 4.1.2 og 4.2.2 og í greinagerð um afgreiðslu áætlunar)

og

„Það er stefna Fljótsdalshéraðs að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. Lögð er áhersla á samstarf við íbúa og fyrirtæki og ábyrgð þeirra í að skapa sveitarfélaginu snyrtilega og fagra ásýnd. Í starfsemi sveitarfélagsins er litið á umhverfismál sem framtíðartækifæri.“

Það er stefna Fljótsdalshéraðs að stuðla að og efla þá sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í grænni ímynd. Græna ímyndin er auðlind og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis.“ (Endurtekið í kafla 4.2.2)

og

„Skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallast á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. er tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er.“ (Endurtekið í kafla 6.2.2 og í greinagerð um afgreiðslu áætlunar)

Með þessari framkvæmd er verið að skerða víðerni landsins sem eru talin eitt af því allra verðmætasta sem Ísland hefur yfir að ráða. Jafnvel að sumra mati ein af seinustu ósnortnu víðernum Íslands^{1,2}, það er verið að fara inn fyrir miðhálandislínu, og með því skerða mögulegan

¹ Taylor: „GIS assessment of Icelandic wilderness from 1936-2010“ <http://hdl.handle.net/1946/9876>

² Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz: „Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði“ http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf

Miðhálandisþjóðgarð. Óbyggðanefnd hefur ekki tekið Austurland til umfjöllunar og má ætla það að stór hluti þessa svæðis muni verða úrskurðaður innan þjóðlendu sem þýðir þá að með þessu er Fljótsdalshérað að eyðileggja landsvæði fyrir þjóðinni sem öll þjóðin á.

Náttúruverndarsamtök Austurlands áskylja sér rétt að fá að senda frekari athugasemdir síðarmeir ef fram verður haldið með skipulagsferlið. Einnig óska samtökin eftir því að vera skráð sem formlegur umsagnaraðili og hvetur Fljótsdalshérað að hafa samtökin alltaf í huga þegar gera á eitthvað í sveitarfélaginu sem viðkemur náttúrunni.

Þá benda samtökin einnig á að þau sendu tölvupóst til Gunnlaugs Rúnars Sigurðssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs þann 22. mars síðastliðinn kl 18:57 þar sem þau óskuðu eftir fresti til að skila inn ályktun frá aðalfundi samtakana sem áætlað er að fjalli um tengd málefni og að sú bókun yrði tekin með sem athugasemd við verkefnalýsingu þessa. Aðalfundurinn verður haldinn 5. apríl. Þeirri fyrirspurn hefur ekki verið svarað, en samtökin gera þó ráð fyrir því að tekið verði vel í beiðnina.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Austurlands

Stjórn NAUST

Þórveig Jóhannsdóttir – formaður

Sævar Þór Halldórsson – varaformaður

Erla Dóra Vogler – gjaldkeri

Rebekka Karlsdóttir – ritari

Bryndís Skúladóttir – meðstjórnandi

nattaust@gmail.com